

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 171/1991. **Sigurjón Ragnarsson**

gegn

Pétur Þór Sigurðssyni

og Ólafi Þ. Haukssyni.

Kærumál. Framkvæmd aðfarar. Dómarar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands kært þá ákvörðun fógeta „að sinna ekki þeirri tilkynningu kæranda til fógeta, að mætingu kæranda í fógeta-réttinn myndi seinka um 10 til 15 mínútur, að biða ekki þann tíma með að framkvæma gerðina, þar sem tilkynningin barst til fógeta, áður en gerðin var byrjuð, þá er gerð krafa um að fógetafulltrúinn, Ólafur Hauksson, verði áminntur og að gerðin verði felld úr gildi. Einnig er þess krafist að tildæmdur verði hæfilegur kærumáls-kostnaður“.

Varnaraðilinn Pétur Þór Sigurðsson gerir þá kröfu aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um, að hin kærða fógétagerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Ólafur Þ. Hauksson hefur ekki gert kröfur í málinu.

I.

Ólafur Þ. Hauksson fógetafulltrúi hefur sent Hæstarétti bréf vegna kærumáls þessa, þar sem segir svo:

„Síðdegis mánudaginn 25. mars 1991 óskaði Jónína Bjartmarz hdl. eftir því að fá atbeina undirritaðs fulltrúa við framkvæmd fógétagerðar í Garðabæ. Ákveðið var að hún mætti með gögn málsins á skrifstofu réttarins Strandgötu 31, Hafnarfirði, kl. 20.00 síðdegis.

Á þeim tíma fór síðan undirritaður yfir gögn þau sem lögð voru fram og að því loknu var farið á heimili gerðarþola til þess að framkvæma fjárnámið.

Gerðarþoli, Sigurjón Ragnarsson, hittist þar sjálfur fyrir. Áminntur um sannsögli kvaðst hann geta bent á eign austur á landi, sem hann ætti í sameign, en óskaði eftir fresti til morguns til að leggja fram gögn um eignina og samþykki sameiganda um, að að þeirri eign yrði gengið. Ekki tilgreindi hann þó, um hvaða eign væri að ræða, né hafði hann uppi efnislegar varnir.

Undirritaður ákvað því að fresta gerðinni til næsta dags, á skrifstofu réttarins, en gerðarbeiðandi krafðist þess að gerðin yrði tekin fyrir snemma eða kl. 8.30. Var á það fallist.

Daginn eftir, eða þriðjudaginn 26. mars, kl. 8.20, hringdi Sigurjón í undirritaðan og bar við vandkvæðum að ná samþykki sameigandans og óskaði eftir fresti. Honum var tjáð að gerðin færi fram á tilsettum tíma og var hann eindregið hvattur til að koma hið fyrsta. Hann kvaðst þá hugsanlega verða seinn fyrir.

Símtal þetta var stutt og telur undirritaður að Sigurjón hefði náð að mæta í réttinn ef hann hefði lagt af stað um leið og samtalinu lauk.

Kl. 8.30 mætti Pétur Þór Sigurðsson hdl. og féllst á að bíða í 5 mínútur. Þegar þær voru liðnar óskaði hann eftir því að gerðin skyldi tekin fyrir. Hóf undirritaður þá að bóka gerðina og var því lokið um kl. 8.45. Réttinum var þá slitið og vék gerðarbeiðandi frá. Að því loknu fór undirritaður með fógetabókina í vélritun en á leið þaðan hittist fyrir gerðarþoli, sem þá var að koma til að vera viðstaddur gerðina.

Undirritaður vísaði gerðarþola til aðalskrifstofu sinnar, þar sem hann tjáði honum að gerðin hefði farið fram og verið frestað til framhalds í Reykjavík, þar sem þær eignir sem gerðarbeiðandi benti á væru staðsettar (sic).

Tók gerðarþoli því illa og kvaðst hafa efnislegar varnir gegn því að gerðin færi fram. Þá mætti á skrifstofuna Steingrímur Þormóðsson hdl. í þeim tilgangi að vera viðstaddur með gerðarþola í réttinum þegar gerðin færi fram. Honum var tjáð á sama hátt hvað á undan væri gengið og að réttinum hefði verið slitið fyrir stundu síðan (sic).

Undirritaður telur að gerðarþola hafi verið gefinn kostur á að benda á eignir 25. mars 1991, en það hafi hann ekki notfært sér. Fyrir beiðni hans var gerðinni frestað þvert á móti vilja gerðarbeið-

anda til næsta dags, til þess að hann gæti bent á eignir. Sérstaklega var brýnt fyrir honum afleiðingar (sic) þess ef hann ekki mætti. Þegar hann mætti síðan daginn eftir þá var réttinum þegar slitið og að mati undirritaðs ekki grundvöllur til endurupptöku málsins nema að uppfylltum skilyrðum 52. gr. laga um aðför nr. 19/1887.“

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar, dagsettu 23. apríl sl., sem staðfest er af sóknaraðila, segir, að í umræddu símtali fógetafulltrúans og sóknaraðila að morgni 26. mars hafi það eitt farið þeim á milli, að sóknaraðili hafi tilkynnt, að honum myndi seinka um u.þ.b. 10 mínútur í fyrirhugað þinghald. Hafi hann verið kominn í réttinn kl. 8.42.

II.

Aðalkrafa varnaraðilans Péturs Þórs Sigurðssonar um frávísun kærumáls þessa frá Hæstarétti byggist á því, að hin kærða fógetagerð sæti ekki kæru, heldur áfrýjun samkvæmt 21. gr., 1. mgr., 3. tl. c, laga nr. 75/1973.

Kæra sóknaraðila er ekki um það, hvort hin kærða fógetagerð skuli fara fram eða ekki, sbr. 21. gr., 1. mgr., 3. tl. a, laga nr. 75/1973, heldur lýtur hún að aðferð fógeta við framkvæmd gerðarinnar. Þykir kæruheimild því vera fyrir hendi með hliðsjón af 21. gr., 2. mgr., laganna.

III.

Af bókun í fógetarétti Garðakaupstaðar 25. mars 1991 má sjá, að hin kærða fógetagerð hófst að kvöldi þess dags á heimili sóknaraðila að honum viðstöddum. Að kröfu hans var gerðinni frestað til framhalds í skrifstofu fógeta kl. 8.30 næsta dag. Engin athugasemd var gerð við þessa tímasetningu. Eru engin efni til að taka kröfur sóknaraðila til greina.

IV.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilanum Pétri Þór Sigurðssyni kærumálaskostnað, eins og segir í dómsorði.

Kæra máls þessa er ófyrirsynju, og ber að átélja hana.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Sigurjóns Ragnarssonar, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Péttri Þór Sigurðssyni 20.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
